



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2022-2025 – skatttekjur og íbúaspá

Dags: 20. september 2021

Málsnúmer: 202105196

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Í samræmi við dagskrá um vinnu við fjárhagsáætlun eru hér kynnt drög að íbúaspá og áætlun skatttekna á málaflökk 00. Hér er um að ræða fyrstu drög áætlunar enda skýrast ýmsar forsendur betur á næstu vikum. Við þessa fjárhagsáætlanagerð ríkir enn óvissa um þróun skatttekna sveitarfélagsins vegna áhrifa af COVID-19 á launatekjur íbúa. Óvissan felst í því að takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um þróun launatekna og áhrif þeirra á tekjur af útsvari og framlög frá Jöfnunarsjóði. Forsendur áætlunar eru:

Áætlun útsvars 2022 miðar við að:

- útsvar sveitarfélagsins verði óbreytt þ.e. 14,48%.
- íbúum fjölgi um 3,5%, sbr. íbúaspá.
- tekjuskatts- og útsvarsstofn hækki um 6% eins og gert er ráð fyrir á landsvísu sbr. forsendur Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- tekjur af útsvari 2021 séu vanáætlaðar um 2%, enda lítur út fyrir að tekjur ársins verði hærri en ráð var fyrir gert. Forsendur verða nákvæmari eftir því sem líður á árið.
- Samband íslenskra sveitarfélaga birtir í október staðgreiðsluáætlun áráanna 2021 og 2022 fyrir einstök sveitarfélög.

Áætlun framlaga frá Jöfnunarsjóði:

- áætlun framlaga 2022 er hér byggð á því að áætlanir sjóðsins um framlög 2021 standist og að þau hækki milli áráanna 2021 til 2022 um sem nemur áætlaðri 3,5% íbúafjölgun og 6% hækkun útsvarsstofns sbr. forsendur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Framlög vegna þjónustu við málefni fatlaðs fólks byggja á hækkun útsvarsstofns og mati á þjónustupörf.
- áætluð framlög Jöfnunarsjóðs vegna ársins 2022 verða líklega birt í lok október.

Áætlun fasteignaskatts miðar við:

- að álagningarprósenta fasteignaskatts A á íbúðarhúsnæði lækki svo að fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis hækki að meðaltali ekki umfram vísitölu neysluverðs þ.e. 4,3%.
- að álagningarprósenta fasteignaskatts C á atvinnuhúsnæði lækki svo að fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis í flokki C hækki að meðaltali ekki umfram vísitölu neysluverðs þ.e. 4,3%.
- fasteignamat 2022 frá Þjóðskrá.
- líklega magnaukningu og endurmat eða um 1,0%.

Áætlun lóðaleigu miðar við:

- óbreytta álagningarprósentu og fasteignamat 2022 frá Þjóðskrá.

Meðfylgjandi eru drög að áætlun skatttekna og íbúaspá.

Virðingarfyllst,

Pétur J. Lockton
fjármálastjóri

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri